

Frá Winnipeg og nærsveitunum

Á föstudagsmorguninn var, lézt að heimili sínu 506 á Simcoe stræti, húsfrið Kristín Sigur-veig Árnadóttir Christie, ekkja eftir Halldór Christie, er dó 1912. Húsfrið Christie var fædd 11. nóv. 1851, að Skóg-um í Axarfirði. Hún giftist ár-1872 og fluttust þau hjón hingað vestur, frá Akri í Axar-firði, árið 1893. Dvöldu þau hjón fyrstu 10 árin norður í Nýja Íslandi og fluttu hingað til Winnipeg árið 1903 og dvöldu hér síðan til dauðadags.

Þeim hjónum varð 11 barna auðið. Dáin eru 3, Árni og Guðrún heima, í barnæsku, en Anna Stefánía hér í Winnipeg, fyrir 8 árum síðan. En þessi 8 lifa móður sína:

Sigurbjörn, heima á Íslandi kvæntur Ingunni Einarssdóttur. í Ameríku, Jón, giftur Lilju Möller; Sigurður; Friðmunda Sigurlaug; Sigurveig; Kristi-ana, gift Edward Connie; Krist- björg, gift Frank Hedger og Friðrika. Hafa börnin, er ó- gift voru haldið saman heimil- inu, ásamt móður sinni.

Hin látna bar með sér ein- róma orðstír til grafar. Og er það engin uppgerðarmæli, að hennar er einlæglega saknað, af öllum þeim, er þektu hana fyrir trúfesti og gæzku.

Jardarförin fór fram á mánu- daginn var, að afarmiklu fjölmenni viðstöddu, bæði úr Winnipeg og utan af landi. Séra Ragnar Kvaran hélt bæn, að heimili hinnar látnu, og ræðu í Sambandskirkjunni; séra Rögnvaldur Pétursson hélt þar og ræðu á enskri tungu, en tveir tengdasynir hinnar látnu, enskir menn, voru þar viðstadd- ir.

SPILAFUNDUR verður haldinn í kjallarasal Sambandskirkju- unnar næstkomandi fimtudags- kvöld kl. 9. Menn ættu að kappkosta að fjölmennu á fundinn, og reyna að komast fram úr því meti, er sett hefir verið.

Fjöldi manna úr nærsveit- unum hafa titið inn á skrif- stofu "Heimskringlu" síðast- liðna viku, m. a. Kristján Björnsson og Þór Lífmann frá Árborg, og Guðmundur Jónsson frá Deildartungu, er kom frá Oak Point af fiskveiðum. Guðmundur lét allvel af sér, þó fiski hefði verið með minna móti í vetur sökum einmuna veðurblíðu.



Hvað ætlar þú að verða?

Dominion Business College
Fullkominasti verzlunarskóli í Canada.
301 NEW ENDERTON BLDG.
Portage and Hartgrave
(næst við Eaton)
SÍÐI A 3031



FRÓNSFUNDUR

verður haldinn h. 24. p. m. Sr. Rúnólfur Marteinsson stýrir fundi en E. Thorláksson flytur erindi.

Á VIÐTÖR STRÆTI eru til leigu 2 herbergi með öllum húsgögnum, við rýmlegu verði, fyrir hjón eða aðra er vilja fæða sig sjálfir. Þeir er vilja sinna þessu boði, geta símað til A2174 eða snúið sér til "Heimskringlu".

Þar sem almenningur svo dyggilega studdi Stúdenta með því, að sækja leikina, sem þeir léku í Goodtemplarhúsinu þann 7. p. m., viljum við þakka þeim þangaðkomuna, og þann ágæta styrk, sem þeir þannig veittu góðu málefni. Arðurinn, að frádregnum kostnaði, nam \$62.55.

A. Johnson, forseti.

Þriðjudaginn, 4. marz, voru þau Jón Hannes Thorgilsson, frá Vestfold, Man., og Anna Ingibjörg Guðmundsson frá Mary Hill, Man., gefin saman í hjónaband að 493 Lipton street, af séra Rúnólfi Marteinssyni. Brúðhjónin fóru skemtifærð til Arden, þar sem Mr. og Mrs. Pawell, tengdabroðir og systir brúðarinnar búa. Heimili brúð- hjónanna verður að Mary Hill.

Leikmannafélagið efndi til á- gætrar samkomu á miðviku- dagskvöldið 5. p. m. Aðstoð- uðu þar bæði Íslendingar og enskumælandi menn, með söng upplestri og hljóðfærslætti. En hvað skeður? Jú, ekki annað en það, að salurinn var hálf tómur, eða hálf fullur, eins og sumir kunna betur við að hafa það. Hvers á leikmanna- félagið að gjalda hjá hinum fél., þá einu sinni það fera svo myndarlega á stað. Mrs. Dal- mann, sem var ágæt. upplögð, söng, Mr. Eliasson las vel upp enskt kvæði, Dr. Austmann hélt snjalla ræðu, ungrú A. Hermannsson spilaði á fiölu, yndislega að vanda; karlakór B. Guðmundssonar söng sterk og snjalt; Tr. Björnsson og R.

Hjálmsón léku ljómandi vel saman á pianó og ungrú Rósa Hermannsson og frú C. Jóh- annsson, sem þrátt fyrir naum- an tíma, sýndi fél. þá velvild að koma, sungu sig inn í allra hjórtu—og þar að auki var sr. Ragnar Kvaran á söngskránni. Þó hann ekki gæti sungið vegna hæsi. Hvað vilja menn svo hafa það meira? Ef þetta ætti ekki að gefa húsfylli, þá erum vér ráðalausr framvegis.

Ungkvennafélagið "Aldan" heldur tombólu 2. apríl næst- komandi. Þar verður margt gírnilegt á boðstólum og skyldu menn ekki sitja úr færi að öðlast eitthvað af þeim hlutum. Þar að auki mætti kannske geta þess í samband, við þetta ungmeisjafélag, að sagt er að hlaupár sé nú, sem stendur. Óskiljanlegt, að það geti dregið nokkuð verulega úr aðsókninni.

WONDERLAND.

Á miðvikudag og fimtudag verða sýndir tíu þættir á Wond- land. Þar sjá menn Herbert Rawlinson leika í glepaleikn- um "Nobodys Bride"; stráka- félagið í gamanmyndinni "The Fire Fighters"; íþróttanýjung-



ALEXANDER SPENARD

Mr. Alexander Spenard hinn góðkunní útsölumaður bíla, er nýlega tekinn til starfa hjá BREEN MOTOR CO. Limited, og er honum sönn ánægja að meiga þar sjá sína mörgu vini og kunningja. Menn munu komast að raun um, að hann selur bíla á því besta verði, sem fánlegt er.

ar, og fimta þáttinn af "The Eagles Talons". Og eg segi ykkur satt, þið iðrist ekki eftir að fara. Á föstudag og laug- ardag getið þið séð lögreglu- hundinn undursamlega Rin- tin-Tin, í fyrirtaks leik: "Where the North Begins", ein hverjum allrabesta leik, er sýndur er í ár. Næstu viku verður sýnt meðal annars "Three Wise Fools", "The Tow Scandal" og "The Com- mon Law", altsaman ágætis leikar. Síðar koma "The Span- ish Dance" og "Only 38".

Dakota Pistill.

(Framh. frá bls. 7.)

skap heima, en búningurinn er al-íslenskur og sérlega smekk- legur.

Mánudaginn 11. febr. voru 3 leikrit leikni: "Cappy Ricks", "The Bonnie Briar Bush" og "A Bee in a Drone's Hive". Að kveldinu flutti einnig Lorado Taft erindi: "A Glimpse of a Sculptors Studio", skemtilegt og fróðlegt erindi, því fyrir ut- an það að vera eitt af mestu "leirskáldum" Vesturláunnar —(hann hnoðar og mótar leir í myndir sínar) þá er hann af- bragðs vel máli farinn og fynd- inn með afbrigðum.

Á þriðjudaginn voru sýndir 3 sjónleikir: "Back to the Farm", "The Servant in the Home" og "David Harum". Í leikjúnnum tóku þátt þessir íslenskir nem- endur: Snorri Þorfinnsson, As- geir Sturlaugsson, Veiga Hall- dórsson og Elín Johnson; sú síðar talda er hálfssystir frú Stefáníu leikkonu í Reykjavík, og þótti mér hún leika best, þó hin gerðu vel.

Yfirleitt tókust sjónleikirnir vel. Best léku nokkrir skóla- piltar og meistar er tilheyra leik- félagi við skólann (The Edwin Booth Dramatic Club). Einn leikandinn bar þó drjúgum af öllum hinum—ungur bóndason- ur, Lynn Hney, er lék af hrein- astu snild. Hafði hann mjög ó- lík hlutverk í 3 leikjum: Lach- lan Campbell í "The Bonnie Briar Bush", aðalrolluna í "David Harum" og prestinn í "The Servant in the House". Í vikublaði skólapilta, sem kom út 6. febr. er skýrsla yfir "Student Grades for Fall Term" og datt mér í hug að gæta hvernig landarnir við skólann, sem eru um 20 að tölum, stæðu sig við námið. Í blaðinu eru skráð nöfn þeirra 10 er hæst standa í "College" deildinni. Af þess- um 10 eru 4 íslenskir nöfn:

Kathrine Thordarson, Pétur Ólafsson, Snorri Þorfinnsson, Árni Helgason.

Þegar þess er gætt, að í College deildinni eru aðeins 8 landar, en yfir 700 annara þjóða námsfólk, sézt að land- arnir standa sig ekki lakar en aðrir.

Í "Industrial" deildinni standa sakir þannig, að af 10, sem hæstir eru, eru 3 íslenskar námsmeyjar:

Sigríður Dínusson, Veiga Halldórsson, Aldís Johnson.

Í "Industrial" deildinni eru 8 ísl. nemendur, en yfir 80 af öðrum þjóðum.

Námsmanna félag eru 18 við skólann, af þeim stendur "Alpha Zeta" hæst, No. 1, og "Delta Pi" næst, No. 2, en í þeim eru landar vorir, Árni Helgason, Joe Sturlaugsson og Snorri Þorfinnsson.

Í framsagnarkeppni, er háð var 1. febr. á "Little Country Theatre", vann Elín Johnson 1 verðlaun í "Industrial" deild- inni og einnig í fyrra.

Snorri Þorfinnsson er í ritstjórnarnefnd skólablaðsins, og ritar flestar ritstjórnar- greinar og þykir honum farast það ágætlega.

Eins og áður hefir verið að víkið í ísl. þjóðunum, eru þeir Joe Sturlaugsson og Snorri frægastir kappþræðugarpar skól-

ans, og er nú ákveðið, að þeir leggi enn til orustu á ræðu- palli við kappþræðumenn frá Michigan Búnaðarskóla, 7. apríl n. k.

President skólans, John Lee Coulter er hinn mælskasti maður og lætur sig eðlilega miklu skifta hag landbúnaðar- ins, en í norðvestur fylkjunum hefir mjög sorfið að bænda- stéttinni á síðari árum, vegna truflunar á viðskiftalífi, af- leiðingar af stríðinu mikla, og talið nauðsynlegt að breyta til að koma samræmi á fram- leiðslu.

Nú fyrir nokkru hefir Presi- dent Coulter komið með til- lögu í þá átt, að bændur minki hveitirækt en stundi blandaða framleiðslu.

Til að koma þessu fram- kvæmd, mælist hann til, að "Federal" stjórinn gangist fyr- ir að hafa upp \$50,000,000 sjóð til að lána hinum efnaminni

bændum, í hinum svonefndu hveitiríkjum—Norður- og Suð- ur Dakota, Montana og Minn- esota. Er gert ráð fyrir að lánþegi fái alt að \$1000 með lágum vöxtum—ekki meir en 6%—til að kaupa bústofn, svo sem nautgripi, alifugla og svín. Er þetta alment kallað "The Coulter Plan" og hefir fengið meðmæli flestra blaða í ofan- greindum ríkjum.

Er þetta mál borið fram í frumvarpi í neðri málfönni í Washington, af O. B. Bur- ness þingmanni frá Norður Dakota og í öldungadeildinni af senator Peter Norbeck frá Suður-Dakota.

Hvernig sem afdrif þessa máls verða á þingi, virðist flest- um koma saman um í norðvest- ur ríkjunum, að þetta "Coulter Plan" sé hið vænlegasta ráð til viðreisnar landbúnaðinum í þessum fjórum ríkjum.

Fríðrik Sveinsson.

WONDERLAND THEATRE

MIÐVIKUDAG OG FIMTUDAG.

Robert Rawlinson

in "NOBODY'S BRIDE"

and Our Gang in Comedy

FESTUDAG OG LAUGARDAG.

"WHERE THE NORTH BEGINS"

featuring

Rin-Tin-Tin

WANTUDAG OG ÞRIÐJUDAG.

"Three Wise Fools"



FLEYÐU EKKI BURTU HAR- INU SEM KEMBIT AF ÞÉR. Sendu okkur það, og við skulum gera kembu úr því fyrir þig fyrir \$3.00. Við höfum alt sem meðþarf til þess að gera upp og þrýða hár Evvanna og Karla. Skrifðu eftir verðslata. PARISIAN HAIRDRESSING & BEAUTY PARLORS 319 Garry St., Winnipeg, Man.

Borgið Heimskringlu.

RJÓMI

Heiðvirt nafn er bezta ábyrgðin yðar fyrir heiðarlegum viðskift- um, — það er ástæðan til þess, að þér megid búast við öllum mögulegum ágóða af rjómasend- ingum yðar — og með óbríð- ulli stundvísí frá

CITY DAIRY, Ltd.

WINNIPEG.

James M. Carruthers

forseti og ráðsmaður.

James W. Hillhouse

fjármálaritari.

SPYRJIÐ MANNINN SEM SENDIR OSS.

SAMKOMA

Undir umsjón Ungmennafélags Sambandsaffnaðar.

VERÐUR HALDIN Í SAMBANDSKIRKJUNNI

FÖSTUDAGINN 21. MARZ, KL. 815.

SKEMTISKRÁ:

1. Vocal Solo Mrs. P. Dalman
2. Violin Solo Miss Ásta Hermannsson
3. Selection Mrs. Gíslason
4. Cornet Solo Mr. Paul Dalman
5. Ræða Dr. A. Blöndal
6. Violin Solo Mr. Arthur Furney
7. Vocal Solo Séra Ragnar E. Kvaran
8. Vocal Solo Miss Rósa Hermannsson
9. Vocal Solo Mr. Sigrús Halldórs
10. Orchestra-Selection

— INNGANGSEYRIR 50 cents. —

Gamanleikurinn

"HAPPID"

Eftir P. J. Árdal

verður endurtekinn í Good-Templarhúsinu

Þriðjud., 25. p. m. kl. 8.30

Inngangseyrir 35c og 50c

DANS Á EFTIR

Yfir 600 íslenskir nemendur hafa gengið á Success verzlunarskólann síðan árið 1914.

Skrifstofuafvinna er næg í Winnipeg, atvinnu- og iðnaðar- miðstöð Vesturlandsins.

Það margfalt borgar sig að stunda námið í Winnipeg, þar sem tækifærin til þess að fá atvinnu eru flest, og þar sem þér getið gengið á Success verzlunarskólann, sem veitir yður hinn rétta undirbúning og nauðsynlegu æfingu. Þúsundir atvinnu- veitenda taka þá, sem útskrifast úr Success-skólanum, fram yfir aðra, og þér getið byrjað á góðri vinnu strax og þér ljúkið námi við þenna skóla.

SUCCESS BUSINESS COLLEGE er öflugur og áreiðanlegur skóli, — kostir hans og hið ómetanlega gagn, sem hann hefir unnið, hafa orðið til þess að hin árlega nemendatala skólans er langt fram yfir tölu nemenda í öllum öðrum verzlunarskól- um Manitoba samanlögðum.

SUCCESS er opinn árið í kring. Innritist á hvaða tíma sem er. Skrifjið eftir upplýsingum. Þær kosta ekkert.

The Success Business College, Ltd.

Horn Portage Ave. og Edmonton St.

WINNIPEG — MAN.

(Ekkert samband við aðra verzlunarskóla.)